

Fiskeldisstöðin að Fellsmúla Landsveit

Umhverfisskýrsla og greinargerð með deiliskipulagi

Íslensk matorka ehf



matorka
sustainable food

Júní 2013

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Framleiðslan í Fellsmúla	4
3. Tengsl við aðalskipulag og aðrar áætlanir	4
3.1 Aðalskipulag	4
3.2 Deiliskipulag	5
4. Umhverfisaðstæður	9
5. Umhverfispættir / Áhrifapættir	9
5.1 Landslag	10
5.2 Gróðurfar	10
5.3 Fuglalíf	10
5.4 Lífríki Minnivallalækjar og nærliggjandi lækja	10
5.5 Loftgæði og hljóðvist	11
5.6 Fornleifar	11
5.7 Ferðamennska og útivist	11
5.8 Samfélag	12
6. Eftirlit og vöktun	12
7. Heildarniðurstaða umhverfisskýrslu	13

1. Inngangur

Íslensk matorka ehf. keypti allar eignir þrotabúss Eldisstöðvarinnar að Fellsmúla í september 2010. Um er að ræða fiskeldisstöðvarnar í Fellsmúla og Galtalæk. Félagið hóf þegar í stað endurskipulagningu á rekstri stöðvanna, viðhaldi á húsnæði, búnaði og vélum. Framleiðsluferlar stöðvanna voru endurskipulagðir með það að markmiði að nýta þá betur og auka framleiðsluna, auka gæði afurða og stuðla að því að rekstur stöðvanna verði arðbær. Í þessu felst jafnframt að starfsmannafjöldi og umsvif hafa almennt aukist.

Umhverfisskýrsla þessi er ætluð fyrir skipulagsbreytingar að Fellsmúla í Landsveit þar sem starfrækt hefur verið fiskeldisstöð í 28 ár. Aldrei hefur verið lagt fram deiliskipulag af lóðinni en gróf yfirlitsmynd af lóðinni og staðsetningu mannvirkja er til í upphaflegum gögnum. Í fyrirliggjandi deiliskipulagstillögum er ekki gert ráð fyrir meiriháttar breytingum heldur er verið að leggja fram deiliskipulag af núverandi starfsemi ásamt minniháttar breytingum. Einnig kveða deiliskipulagstillögur á um skilyrði og ítarlegri lýsingu á aðstæðum.

Lóðin sem um ræðir er 5 hektarar og liggur við Minnivallalæk í landi Fellsmúla. Langtíma leigusamningur er milli rekstraraðila fiskeldisstöðvarinnar og íslenska ríkisins.



Mynd 1: Yfirlitsmynd af lóð fiskeldisstöðvarinnar í Fellsmúla

2. Framleiðslan í Fellsmúla

Fiskeldisstöðin í Fellsmúla hefur haft heimild og starfsleyfi til framleiðslu á 60 tonnum á ári af urriða- og laxaseiðum. Raunar var stöðin einnig komin með bleikjuseiði. Þessi heimild hefur tekið mið af núverandi aðstæðum og sömu eldisaðstæðum, vatni og frárennsli í Minnivallalæk. Leyfið var veitt af Hollusturvernd Ríkisins, forvera Umhverfisstofnunar þann 19. apríl 2000. Í dag er framleiðsla stöðvarinnar um 20 tonn sem eru bleikjuseiði og borri. Í ljósi þess að stöðin hefur haft starfsleyfi fyrir 60 tonna framleiðslu er nú unnið að endurnýjun starsleyfis. Fyrirhuguð breyting á stöðinni þar sem eldisvatn frá bleikju er nýtt áfram á borrhann og vatni er hringrásað í nokkra hringi með innspýtingu á súrefni leiðir til þess að hægt er að stórauka við lífmassann án þess að frárennsli aukist.


3. Tengsl við aðalskipulag og aðrar áætlanir

3.1 Aðalskipulag

Samkvæmt greinargerð með aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 er meginmarkmið skipulagsins eftirfarandi:

- að stuðla að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu.
- að stuðla að auknum og fjölbreyttum atvinnutækifærum með nægu lóðaframboði undir iðnað, ferðaþjónustu og aðra atvinnustarfsemi.
- að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda, jarðvarma og vatnsafls.
- að stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda sem nýtist íbúum sem best.
- að leita hagkvæmustu lausna í vegagerð til að stuðla að umferðar- og rekstraröryggi, samtengingu byggða og bættra tenginga við þjónustu og atvinnu.
- að stuðla að varðveislu sögu- og náttúruminja og annarra umhverfislegra gæða sem m.a. styrkir búsetuskilyrði og ferðaþjónustu á svæðinu.
- að standa vörð um vernd grunnvatns sem auðlindar, bæði sem neysluvatns fyrir íbúa og fyrir atvinnustarfsemi.
- að stuðla að gróðurvernd á hálendinu og að öll landnýting verði í samræmi við landgæði og ástand lands.
- að standa vörð um að góð landbúnaðarsvæði verði áfram nýtt til landbúnaðar.
- að styrkja svæðið til frístunda og útivistar m.a. með því að tryggja nægt lóðaframboð til frístundastarfsemi og þjónustu á því sviði.
- að tryggja umhverfisvernd viðkvæmra svæða m.a. með bættu skipulagi.

Samkvæmt uppdrætti með aðalskipulagi sveitarfélagsins er lóðin sem fiskeldisstöðin í Fellsmúla stendur á skilgreind sem iðnaðarsvæði, sjá kort úr aðalskipulagi.



Mynd 2: Aðalskipulag - yfirlitskort

Í greinargerð með aðalskipulagi um iðnaðarsvæði í sveitarfélaginu segir m.a.:

Á iðnaðarsvæðum er fyrst og fremst gert ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem getur haft í för með sér mengun, s.s. fiskeldisstöðvar, veitustöðvar, skólþælu- og hreinsistöðvar, verksmiðjur og virkjanir.

Samkvæmt umhverfisskýrslu sem fylgir aðalskipulagi segir að ný stefnumörkun um iðnaðarsvæði miðar að orkunýtingu í héraði.

3.2 Deiliskipulag

Deiliskipulag hefur ekki áður verið lagt fram fyrir lóð og starfsemi fiskeldisstöðvarinnar að Fellsmúla. Deiliskipulagið sem hér er lagt fram skýrir 28 ára starfsemi sem hefur verið á lóðinni, minniháttar breytingar og frekari skýringar á mögulegri framtíðaruppbyggingu.

Lóðin í Fellsmúla er 5 hektarar af stærð og óheimilt er að skipta henni upp. Á lóðinni er iðnaðarhús fyrir fiskeldi, spennistöð, íbúðarhús sem íbúðalánasjóður átti og hefur verið selt og fjarlæggt, veiðihús og geymsluskúr. Þar sem íbúðarhúsið stóð stendur eftir byggingarreitur hússins en veiðihúsið er í eigu annars aðila en rekstraraðila fiskeldisstöðvarinnar, og er án lóðarréttinda. Viljayfirlýsing er til um að veiðihúsið geti staðið á enda lóðarinnar á meðan fiskeldisstöðin nýtir ekki landið sem húsið stendur á. Lóðin í heild er afmörkuð með girðingu, Fellsmúlalæk og Minnivallalæk. Allur aðgangur inn á lóð er óheimill nema með samþykki rekstraraðila fiskeldisstöðvarinnar. Sömu reglur eiga við um allar fiskeldisstöðvar á landinu. Aðkomubann á lóðir fiskeldisstöðva er vegna sýkingarhættu í fiskeldinu og hversu viðkvæmt fiskeldi er. Þeir aðilar sem kaupa veiðileyfi í Minnivallalæk er heimilt að keyra veginn meðfram girðingu beint í veiðihús. Þeim er óheimilt að veiða í ánni frá lóð fiskeldisstöðvarinnar eða ganga nokkuð um lóðina sjálfa.

Núvernandi nýtingarhlutfall lóðar er 0,016.

Heildarflatarmál bygginga á lóð er 774,2 m².


Bílastæði eru við allar byggingar.

Allt skólp sem fellur til í byggingum á lóðinni er veitt í rotþró.

Frárennsli frá fiskeldinu í dag rennur í setþró við enda stöðvarinnar og þaðan út í Minnivallalæk.


Borholur og brunnar eru norðan við iðnaðarhúsið. Mikið af grunnvatni liggur í hraunlögum í Landsveit og sýna vatnsrannsóknir að grunnvatnsstraumar eru óvída meiri á landinu. Öll starfsemin í Fellsmúla tekur mið af því grunnvatn mengist ekki og þar með talið vatn úr borholum. Það er ekkert í starfsemi fiskeldisstöðvarinnar sem mengar vatnið í borholum og því má segja að vatnsverndarsvæðið er svæðið norðan við húsið. Allt frárennsli fellur út í Minnivallalæk sunnan við húsið og fylgir straumum árinna í átt til Þjórsár.

Vatnstaka fyrir fiskeldið er annars vegar úr lindum við Skarðsfjall og úr borholum inn á lóð fiskeldisstöðvarinnar.




Þegar fiskeldisstöðin í Fellsmúla var byggð árið 1985 var gert ráð fyrir vatnstöku fyrir fiskeldið úr lindum sem renna undan Skarðsfjalli. Fram að þessu hefur ekki verið skilgreint grann- eða fjarsvæði vatnsverndar. Samkvæmt landfræðilegri legu lunda og vatnsstrauma er gert ráð fyrir að grannsvæði vatnsverndar er upp í vatnsstefnu að fjallinu. Vatn sem tekið er úr lindum við Skarðsfjall er eingöngu nýtt til eldis á stærri bleikju í nokkrum útikerjum og blandast því ekki borholuvatni í Fellsmúla. Það vatn er ekki nýtt til manneldis né seiðaeldis. Ekki er gerð krafa um að vatn fyrir áframeldi á bleikju sé eins hreint og ef um seiðaframleiðslu er að ræða.

Í Fellsmúla er vatnstökusvæði úr borholum inn á lóð stöðvarinnar. Borholur hafa staðið á lóðinni í yfir 20 ár og ekki hefur áður verið skilgreint grann- eða fjarsvæði vatnsverndar. Aftur á móti er hér gert ráð fyrir grannsvæði fyrir vatnsvernd.



Eftirfarandi mynd sýnir deiliskipulagstillögur sem lagðar eru fram til samþykktar í sveitastjórn.



Mynd 3. Deiliskipulag fyrir lóð fiskeldisstöðvarinnar í Fellsmúla

Helstu atriði sem deiliskipulagstillagan tekur til eru:

- Afmörkun lóðar.
- Byggingarreit fyrir tvöföldun á iðnaðarhúsi fyrir fiskeldi.
- Skilgreind staðsetning fyrir gámageymslur innan svæðis.

4. Umhverfisaðstæður

Í greinargerð með aðalskipulagi Ranárþing ytra segir um jarðveg í Landsveit:

Þjórásrhraunið mikla, sem rann fyrir um 8600 árum breytti mjög jarðsögu Suðurlands, m.a. lokaði það á uppsprettur sandfoksins. Þetta hraun er hið stærsta sem brunnið hefur hér á landi bæði að flatarmáli og rúmmáli. Það er jafnfram talið stærsta hraun sem komið hefur upp í einu gosi á jörðinni síðan ísöld lauk. Það kom upp á Veiðivatnasvæðinu en ekki er vitað nákvæmlega hvar, þar sem eldvörpin eru nú að mestu eða öllu leyti grafin í yngri myndanir. Hraunið flæddi niður með farvegi Tungnaár og síðan Þjórásar og þegar niður fyrir Búrfell kom breiddi það úr sér og huldi mest allt undirlendi Landsveitar. Það umlukti Skarðsfjall, flæddi yfir í Gnúpverjahrepp, rann um farvegi Þjórásar og Kálfár gegnum Búðagarðinn og kaffærði Skeið og Flóa. Meðalþykkt hraunsins er um 25 m í Landsveit.

Jarðskjálftasprungur eru víða að finna á Suðurlandi. Þær tengjast þverbrotabelti sem sker Suðurland frá austri til vesturs. Jarðskjálftasprungur hafa mikil áhrif á vatnafar, bæði heit og köld grunnvatnskerfi. Grunnvatn rennur í miklu magni í hraunlögum í Landsveit og víða er gnægð lindavatns af góðum gæðum. Víða er heitt vatn að finna og þá aðallega volgur. Í stórum jarðskjálftum getur vatnsmagn linda aukist eða minnkað eftir atvikum og jarðhiti horfið eða birst á yfirborði.

Landslagið í nágrenni fiskeldisstöðvarinnar í Fellsmúla einkennist af hrauni sem þekur svæðið. Frárennslið frá fiskeldinu fellur í dag út í sérútbúna setþró áður en það rennur í Minnivallalæk. Minnivallalækur fellur til Þjórásar. Minnivallalækur er 13 km. langur lindarlækur og allur fiskgengur, frá ósi Þjórásar að upptakalindum. Framkvæmt hefur verið mat á búsvæðum laxfiska í Minnivallalæk af Magnúsi Jóhannssyni, Veiðimálastofnun 2009 sem unnið var fyrir Veiðifélag Minnivallalækjar (VMST/09002). Fram kemur í ofangreindri skýrslu að við upptökulindir má gera ráð fyrir að vatnshiti sveiflist tiltölulega lítið af áhrifum lofthita og sé því að jafnaði hærri en lofthiti að vetrarlagi og lægri að sumarlagi. Vatnshiti Minnivallalækjar hefur þó mælst á bilinu 4,9°C – 12,4°C allt eftir árstíma og staðsetningu mælinga í ánni. Hærri vatnshiti mælist nær upptakalindum og er jarðhiti talinn hafa þar einhver áhrif. Rennslið í Minnivallalæk er um 3000 l/s samkvæmt rannsóknnum sem unnar voru á lífríki Þjórásar og þveráa hennar í tengslum við virkjana neðan Búrfells (Veiðimálastofnun, VMST-S/02001). Rennsli frá fiskeldisstöðinni er um 160 l/s og hefur ekki áhrif á hitastig né aðra þætti í ánni þar sem þynningin er um 15 föld. Hitastigsáhrifin verða alltaf minni en sem nemur 2°C samkvæmt lögmálum varmafræðinnar ($\Delta Q = m \cdot c \cdot \Delta T$). Hitasveiflur í ánni frá náttúrulegum ástæðum er því mun meiri en hugsanleg breyting hitastigs frá fiskeldisstöðinni.

Leigutaki Minnivallalækjar telur það auka verulega á lífsgæði urriðans í ánni ef frárennsli frá fiskeldinu heldur áfram að renna út í ána. Áin er það snauð næringarefna að frárennslið bætir lífsskilyrði ýmissa smádýra sem fiskurinn nýtir til fæðu.

5. Umhverfisþættir / Áhrifaþættir

Þeir umhverfisþættir sem fjallað verður hér um eru áhrif rekstur fiskeldisstöðvarinnar á ásýnd landslags, gróðurfars, fuglalífs, lífríki áa og lækja, loftgæði, hljóðvist, fornleifar, ferðamennsku, útivist og samfélag.

5.1 Landslag

Landslagið við og í nágrenni við fiskeldisstöðina er flatt en hallar þó eilítið að Minnivallalæk. Fiskeldisstöðin sést ekki frá þjóðvegi og raunar ekki fyrir en keyrt er inn á lóðina. Hátt gróðurbelti er meðfram allri lóðinni sem veitir bæði skjól og lokar fyrir ásýnd, sjá mynd 1. Nýjar byggingar í framtíðinni eins og tvöföldun á fiskeldishúsinu mun ekki auka ásýnd, skerða útsýni eða vera lýti fyrir aðra s.s. íbúa á nærliggjandi löndum. Minniháttar jarðvegsrasks má vænta á meðan unnið er að grundun fyrirhugaðra mannvirkja en að öðru leiti innifelur tillagan ekki annað rask á lóð.

Talið er að starfsemi fiskeldisstöðvarinnar mun ekki valda neikvæðum áhrifum á landslag þó að fyrirhugaðar breytingar verði gerðar.

5.2 Gróðurfar

Gróðurfar á lóð og í nágrenni fiskeldisstöðvarinnar er lágvaxinn gróður, kjarr og grös. Víða er búið planta trjám sem mynda belti. Umhverfis lóð fiskeldisstöðvarinnar og innan hennar eru hávaxin runnabelti sem mynda bæði skjól og loka fyrir innsýn á lóð. Inn á lóð stöðvarinnar er jarðvegur að mestu mold og moldblanda.

Starfsemi fiskeldisstöðvarinnar hefur afar takarkandi áhrif á gróðurfar inn á lóð og í nágrenni stöðvarinnar.

5.3 Fuglalíf

Fuglalíf í Landsveit er hefðbundið mófuglalíf. Eitthvað ber á mávum og hröfnum. Starfsemi fiskeldisstöðvarinnar getur haft töluverð áhrif á máva og aðra vargfugla ef umgengni og frágangur kerja er léleg. Í því felst að ef ker eru ekki varin með neti eða yfirbreiðslu og dauðir fiskar látnir liggja óvarðir. Þessa þætti ber sérstaklega varast og hefur Íslensk matorka komið sér upp vinnulagi og gæðastýringu sem felst í því að ker með fiski í eru ávallt lokuð með neti eða dúk og aldrei liggur lífrænn úrgangur úti. Öllum lífrænum úrgangi er fleygt tafarlaust í þar tilgert lífrænt sorp.

Starfsemi fiskeldisstöðvarinnar getur haft töluverð neikvæð áhrif á fuglalíf ef umgengni og vinnulag er með þeim hætti að vargfuglar komast að lifandi eða dauðum fiskum.

5.4 Lífríki Minnivallalækjar og nærliggjandi lækja

Fyrir í þessari skýrslu hefur verið fjallað um umhverfisþætti er varða Minnivallalæk. Náttúrlegar sveiflur í lífríki Minnivallalækjar getur verið töluverðar og felast fyrst og fremst í sveiflukenndu hitastigi árinna. Landsveit er mikið landbúnaðarland og stór tún liggja allt í kring um ána. Ekki er ólíklegt að töluvert af uppleystum túnaburði renni til árinna með rigningarvatni og/eða með grunnvatnsstraumum.

Samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun er kveðið á um skilyrði fyrir frárennsli fiskeldisstöðva í fersk vatn. Mengandi efni frá fiskeldisstöðinni í Fellsmúla verða samkvæmt ofangreindum lögum og reglugerð innan marka: Hitastigsbreyting ekki meiri en 2°C, súrefnismettun að lágmarki vera 70% sem er 6 mg O₂/l og 50% af tímanum yfir 9 mg O₂/l, sýrustig á bilinu 6-9 og hámarksbreyting 0,5. Ammoníak (NH₃) minna en 0,025 mg/l, súrefnisnotkun BOD₅ hæst 4 mg O₂/l, HOCl hæst 0,004 mg/l, olíur og fitubræk sjást ekki og hámarksaukning á svifþörungum 2 mg/l.

Setþróin er ætluð fyrir grugg til að setjast í þannig að vatnið sem rennur út í ána er að mestu án gruggs og svifþörungna.

Skólp frá salernum og hreinlætisaðstöðu er leitt í rotþró.

Lífríki annarra áa eða lækja hefur nánast engan snertiflöt við rekstur fiskeldisstöðvarinnar eins og staðan er í dag né fyrirhuguð er næstu árin. Þynning frárennslis út í Minnivallalæk er það mikil að ekki er litið á að það hafi nokkur áhrif á læki fyrir neðan stöðina.

Áhrif reksturs fiskeldisstöðvarinnar á lífríki Minnivallalækjar getur verið töluverð. Í því felst að mjög gruggugt og óhreinsað frárennslis í miklum mæli sem fari yfir þynningarmörk sem tilgreind eru í lögum og reglugerðum renni útí Minnivallalæk með tilheyrandi áhrifum, en til að koma í veg fyrir slíkt er markvissri hreinsitækni beitt t.d. með notkun setþróar. Því er talið að rekstur fiskeldisstöðvarinnar í Fellsmúla í dag hafi ekki neikvæð áhrif á lífríki Minnivallalækjar og að mati leigutaka árinna hefur frárennslis jákvæð áhrif á lífríkið.

5.5 Loftgæði og hljóðvist

Loftgæði og hljóðvist í Landsveit einkennist af hreinu lofti og kyrrð. Starfsemi fiskeldisstöðvarinnar hefur ekki í för með sér rýrnun á loftgæðum né truflun á hljóðvist. Á framkvæmdatíma þegar gröfur og vörubílar vinna við jarðvegsframkvæmdir má reikna með tímabundnu vélahljóðum sem hugsanlega heyrast til nærliggjandi svæða. Gert er þó ráð fyrir að hljóðstig verði innan viðmiðunarmarkna reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða.

Starfsemi fiskeldisstöðva á ekki hafa áhrif á loftgæði. Aftur á móti ef umgengni er slök, umhirða fiska og úrgangs er óviðunandi er alltaf möguleiki á því að úldnum hafi áhrif á loftgæði. Íslensk matorka vinnur eftir ströngum vinnu- og gæðafærlum sem fela í sér umgengni og sérstaklega hvað varðar lífrænan úrgang. Því má gera ráð fyrir því að starfsemin hafi ekki áhrif á loftgæði.

Áhrif reksturs fiskeldisstöðvarinnar á loftgæði og hljóðvist hefur ekki áhrif á loftgæði og hljóðvist.

5.6 Fornleifar

Ekki er vitað til þess að fornleifar liggja í eða á jörðu á landi fiskeldisstöðvarinnar. Komi fornleifar í ljós þegar framkvæmdir hefjast mun Fornleifavernd ríkisins verða gert aðvart um leið eins og segir að gera skuli samkvæmt lögum um menningaminjar nr. 80/2012.

5.7 Ferðamennska og útivist

Landsveit og hálendið þar fyrir ofan er vinsælt ferðamanna- og útivistarsvæði. Helstu ferðamannasvæði niður í Landsveit eru Galtalækur og umhverfi, Leirubakki og umhverfi og svæðið við Minnivallalæk. Útivistarsvæðið við Minnivallalæk afmarkast að mestu við veiðimenn sem kaupa veiðileyfi í ánni. Til margra ára hafa veiðileyfi verið seld í Minnivallalæk og skýrar reglur gilda um umgengni við ána, hvar má veiða, hvar má ferðast um og hvar má alls ekki fara. Í veiðihúsi leigutaka árinna er kort og leiðbeiningar sem sýna þessi mörk.

Allt frá árinu 1985 hefur 5 hektara lóð fiskeldisstöðvarinnar verið í umsjá rekstraraðila. Lóðin hefur alla tíð verið girt af og lokuð óviðkomandi aðgangi. Ástæðan er fyrst og fremst sú að hvergi er heimill aðgangur að starfsemi fiskeldisstöðva vegna sýkingarhættu og umgengi nálægt kerjum. Í Minnivallalæk er villtur urriðastofn og ef smit berst úr ánni að eldisstöðinni er mikil hættu á stór tjóni í fiskeldinu því sagan segir að eitt smit geti rústað matfiskaeldi í heilli stöð.

Samkvæmt leiðbeiningarblaði 1 Skipulagsstofnunar varðandi gerð deiliskipulags segir:

„Utan þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær sjó, ám og vötum en 50 m og að tryggð verði leið fótgangandi manna meðfram þeim.“

Þetta ákvæði er almenns eðlis og á við um flestar ár og læki á Íslandi. Í tilviki fiskeldisstöðvarinnar í Fellsmúla getur þetta ákvæði aldrei gengið eftir þar sem allur aðgangur að Minnivallalæk frá lóð fiskeldisstöðvarinnar hefur verið og verður í framtíðinni lokaður og óheimill. Yfirdýralækir fisksjúkdóma hefur lagt áherslu á þetta hvað varðar starfsemina í Fellsmúla.

Áhrif reksturs fiskeldisstöðvarinnar á ferðamannaiðnað og útivist eru þau að ferðafólki hefur aldrei verið heimill aðgangur að Minnivallalæk frá lóð fiskeldisstöðvarinnar og mun aldrei verða opnað fyrir slíkt. Aftur á móti gæti áhrif reksturs fiskeldisstöðvarinnar á matvælatengda ferðamannaiðnað haft jákvæð áhrif og fjölmörg tækifæri felast í slíkri uppbyggingu.

5.8 Samfélag

Fiskeldisstöðin í Fellsmúla hefur verið starfrækt í 26 ár. Síðustu ár hafa 1-2 starfsmenn starfað við eldisstöðina og ársvelta verið allt að 20-25 mkr. Núverandi eigendur stöðvarinnar, Íslensk matorka ehf, tók við starfseminni í september 2010. Fyrstu verkefni nýrra eigenda var að endurskipuleggja alla framleiðsluferla, endurnýja búnað og tæki, auka við framleiðslu, huga markvisst að markaðsstarfi og ímynd afurða, tryggja hámarksgæði afurða og byggja upp góðan og faglega sterkan starfsmannahóp. Í dag eru nú 6 stöðugildi og fer fjölgandi. Umsvif stöðvarinnar hafa aukist mikið á þessu eina ári og enn frekari uppbygging er fyrirhuguð. Rekstraraðilar hafa lagt sig fram um að ráða til sín fólk úr nærliggjandi samfélagi. Jafnframt hefur verið lögð áhersla á að iðnaðarmenn, aðkeypt önnur þjónusta eða vörur eru keyptar frá nærumhverfinu þ.e. frá Selfossi að Hvolsvelli. Lögð er áhersla á að vinna með heimamönnum til að skapa stöðugleika á þjónustuframboði og í rekstri. Eftir því sem umsvif aukast þarf að fjölga starfsfólki. Nú er að skapast mikil þekking og reynsla innan fyrirtækisins á fjölmörgum þáttum sem tengjast fiskeldinu í Landsveit og það eykur öryggi í starseminni og hvar vaxtarmörk liggja. Starfsemi fiskeldisstöðvarinnar í Fellsmúla hefur aukið verulega á fjölbreytni í atvinnulífi í sveitinni og styrkt rekstrargrunn annarra rekstraraðila. Á framkvæmdatíma verður reynt eftir fremsta megni að sækja þjónustu verktaka og iðnaðarmanna í nærumhverfinu.

Því má áætla að töluverð jákvæð áhrif verði á samfélag af rekstri fiskeldisstöðvarinnar.

6. Eftirlit og vöktun

Íslensk matorka ehf. mun koma sér upp vöktunarkerfi sem felur í sér að eftirlit er haft með mengandi áhrifum reksturs á nánasta umhverfi.

Íslensk matorka ehf. hefur frá upphafi verið í nánú samstarfi við yfirdýralæki fisksjúkdóma, heilbrigðiseftirlit og Umhverfisstofnun varðandi starfsemi stöðvarinnar. Reglulega munu mælingar fara fram á þeim þáttum starfseminnar gætu haft áhrif á umhverfi og hafa aðgengilegar fyrir hlutaðeigandi eftirlistaðila.

7. Heildarniðurstaða umhverfisskýrslu

Deiliskipulagið er fyrsta formlega skipulagið af lóð og starfsemi fiskeldisstöðvarinnar í Fellsmúla. Það felur í sér að núverandi byggingar og starfsemi er skýrð og fyrirhugaðar breytingar. Þær breytingar sem deiliskipulagið tekur til eru; að byggingarreitir eru settir fram á skipulagsupprætti og möguleg stækkun á iðnaðarhúsi.

- Helsta breytingin á deiliskipulagi er tvöföldun á núverandi fiskeldishúsi.
- Núverandi rekstur fiskeldisstöðvarinnar hefur lítil áhrif á umhverfið í kring.

Tilkoma Íslenskrar matorku ehf að rekstri fiskeldisstöðvarinnar í Fellsmúla er talin hafa jákvæð samfélagsleg áhrif þar sem með henni verður til mikil þekking og reynsla á fjölmörgum þáttum sem tengjast fiskeldi á landi og nýtingu jarðhita við fiskeldi auk þess sem fjölmörg störf skapast, bæði bein og óbein.